

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *50. fundur.*

að Hlíðavegi 6, miðvikudaginn 13. mars. 2013, kl 9:00.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 25. feb.
3. Erindi frá Laufeyju Sigurðardóttur v/ Músík í Mývatnssveit.
4. Deiliskipulag í Kröflu.
5. Erindi frá Ólafi H. Jónssyni f.h. Landeigenda Reykjahlíðar ehf. ósk um umsögn sveitarstjórnar v/landsskipta í Reykjahlíð.
6. Erindi frá stjórn Búnaðarfélags Skútustaðahrepps.
7. Bréf Eflu verkfræðistofu v/ljósleiðara.

Til kynningar:

Fundargerð Sorpsamlags Þingeyinga dags. 20. feb.

Fundargerð stjórnar Hvamms dags. 5. mars.

Fundargerðir heilbrigðisnefndar NE dags. 7. nóv. 2012, 4. des. 2012 og 6. feb. 2013.

Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga dag. 1. mars.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Auður Jónsdóttir, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik K. Jakobsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund.

2. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 25. feb.

Í fyrsta lið fundargerðarinnar er tekið fyrir erindi frá Steinunni Ósk Stefánsdóttur f.h. landeigenda Grímsstöðum 3, þar sem óskað er eftir að skilgreind verði 600 m² lóð undir íbúðarhúsi (216-2949). Nefndin leggur til við sveitarstjórn að skipulags- og byggingafulltrúa verði falið að stofna lóðina.

Í öðrum lið er farið yfir drög að skipulagslýsingu fyrir þéttbýlið í Reykjahlíð. Nefndin leggur til nokkur áhersluatriði sem bætt verði í lýsinguna. Þegar úr hefur verið bætt leggur nefndin til við sveitarstjórn að skipulagslýsingin verði samþykkt og skipulags- og byggingafulltrúa falin málsmeðferð skv. 3. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2010.

Í þriðja lið eru tekin fyrir málefni hitaveitu, tveimur nefndarmönnum var falið að uppfæra framkvæmdaáætlun veitunnar í samráði við ráðsmann. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að samþykkja endurskoðaða framkvæmdaáætlun.

Í fjórða lið er tekið fyrir erindi frá Geitey ehf. þar sem óskað er eftir heimild til deiliskipulagsgerðar af verslunar- og þjónustusvæði á Geiteyjarströnd, jafnframt því sem óskað er eftir umsögn nefndarinnar um skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar skipulagsgerðar. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt þegar umsækjandi hefur tekið tillit til áherslna nefndarinnar um byggingarlist og mannvirkjagerð sbr. kafla 4.3.1, í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Skipulags- og byggingafulltrúa verði falin málsmeðferð skv. 3. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2010.

Í fimmta lið er tekið fyrir erindi frá Kára Þorgrímssyni. Hann telur að hitaveita Skútustaðahrepps sé ekki fullnægjandi húshitunarkostur og að hans mati ólíklegt að ásættanlegar úrbætur verði gerðar á næstu árum og er því með til skoðunar aðra húshitunarkosti. Hann óskar eftir viðræðum við veituna um að kaupa annað vatn af veitunni en til húshitunar.

Samkvæmt endurskoðaðri framkvæmdaáætlun hitaveitu er stefnt að því að hitaveitulögnin að gerði verði endurnýjuð á árinu 2015. Nefndin leggur til að sveitarstjóra verði falið að ræða nánar við Kára.

Í sjötta lið kemur fram að skipulags- og byggingafulltrúi hafi gert nefndinni grein fyrir kærnum til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna framkvæmda við Vogafjós.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar á liðum eitt, tvö, þrjú, fjögur og fimm í fundargerðinni. Liður sex þarfnast ekki ályktunar við.

3. Erindi frá Laufeyju Sigurðardóttur v/ Músík í Mývatnssveit.

Með bréfi óskar Laufey Sigurðardóttir eftir stuðningi sveitarfélagsins við verkefnið Músík í Mývatnssveit.

Félags- og menningamálanefnd leggur til við sveitarstjórn að verkefnið verði styrkt um kr. 70.000,-.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar.

4. Deiliskipulag í Kröflu.

Tillaga að deiliskipulagi Kröfluvirkjunar, forsendur þess og umhverfismat var kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi í Reykjahlíðarskóla 31. janúar 2013 skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Engar athugasemdir komu fram á fundinum sem gáfu tilefni til að breyta tillögunni eða forsendum hennar. Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa tillögu að deiliskipulagi Kröfluvirkjunar og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að annast málsmeðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

5. Erindi frá Ólafi H. Jónssyni f.h. Landeigenda Reykjahlíðar ehf. ósk um umsögn sveitarstjórnar v/landsskipta í Reykjahlíð.

Sveitarstjórn samþykkir að leita álits Umhverfis og skipulagsnefndar.

6. Erindi frá stjórn Búnaðarfélags Skútustaðahrepps.

Með bréfi óskar stjórn Búnaðarfélags Skútustaðahrepps eftir því við sveitarstjórn að Skútustaðahreppur greiði allan dýralæknakostnað vegna bólusetningar gegn garnaveiki í búfé.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkir að greiða dýralæknakostnað vegna fyrstu garnaveikibólusetningar feb/mar 2013. Af fundi vöku Dagbjört, Böðvar, Friðrik og Guðrún. Birgir Steingrímsson tók sæti undir þessum lið.

Sveitarstjórn beinir því til Atvinnumálanefndar að fjalla um búfjárveikivarnir í Skútustaðahreppi á næsta fundi sínum.

7. Bréf Eflu verkfræðistofu v/ljósleiðara.

Málinu frestað til næsta fundar.

Fleira ekki gert.
Fundu slitið.
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétursson,
Auður Jónsdóttir,
Eyrún Björnsdóttir,
Friðrik K. Jakobsson.